

- a. **Árleg hlutfallstala kostnaðar:** Heildarlántökukostnaður, lýst sem árlegum hundraðshluta af heildarfjárhæð láns þess sem veitt er og reiknað út í samræmi við ákvæði 21. gr.
- b. **Greiðslumat:** Útreikningur á greiðslugetu lántaka miðað við eignir, skuldir, gjöld og tekjur, sem m.a. byggjast á opinberum neysluviðmiðum.
- c. **Heildarfjárhæð láns/samnings:** Hámarksfjárhæð sem er heimilt að nýta samkvæmt lánessamningi.
- d. **Heildarfjárhæð sem þarf að greiða:** Samanlögð heildarfjárhæð lánsins og heildarlántökukostnaður neytanda.
- e. **Heildarlántökukostnaður:** Allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánessamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði.
- f. **Lánamiðlari:** Einstaklingur eða lögaðili sem starfar ekki sem lánveitandi og í atvinnuskyni gegn fjárhagslegum ávinningi kynnir eða býður neytendum lánessamninga, aðstoðar neytendur með því að taka að sér undirbúningsvinnu fyrir lánessamninga eða gerir lánessamninga við neytendur fyrir hönd lánveitanda.
- g. **Lánshæfismat:** Mat lánveitanda á lánshæfi lántaka byggt á upplýsingum sem eru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess hvort lántaki geti efnt lánessamning. Lánshæfismat skal byggt á viðskiptasögu aðila á milli og/eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Lánshæfismat felur ekki í sér greiðslumat nema slíkt sé áskilið sérstaklega.
- h. **Lánessamningur:** Samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán, greiðslufrest eða sambærilega fjárhagslega fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samnings.
- i. **Lánveitandi:** Einstaklingur, lögaðili eða hópur sem veitir eða lofar að veita lán í atvinnuskyni.
- j. **Neytandi:** Einstaklingur sem á lánaviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.
- k. **Stýrivextir:** Vextir af lánum sem Seðlabanki Íslands veitir, sbr. [10. gr. laga nr. 36/2001](#), um Seðlabanka Íslands.
- l. **Útlánsvextir:** Vextir, tilgreindir sem fast eða breytilegt hlutfall, sem á ársgrundvelli eru lagðir á lánsfjárhæð.
- m. **Varanlegur miðill:** Tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma.